Alþingi
Erindi nr. Þ 135/860
komudagur 7.12. 2007

# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbréf 5806301,
Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2007

**Tillaga til þingsályktunar um aukin þorskafla**

Veiðimálastofnun hefur verið beðin um umsögn um ofannefnda þingsályktunartillögu. Tillagan fjallar um að auka þorskveiðar á yfirstandandi veiðitímabili.

Veiðimálastofnun hefur ekki rannsakað þorsk sérstaklega eða ástand hans á Íslandsmiðum. Á stofnuninni starfa hins vegar fiskifræðingar sem hafa tjáð sig um almennar forsendur fiskveiðistjórnunar á ýmsum tímum. Stjórnun veiða á þorski við Ísland er flókið mál. Þarf þar að líta til margra þátta. Veiðimálastofnun er ekki í stakk búin að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar án þess að það kosti mun meiri vinnu og rannsóknir en henni er fært að kalla fram á þeim tíma sem tiltækur er, þeim fjármunum sem hún hefur og því hlutverki sem henni er ætlað í lögum. Ef vinna ætti slíkt álit þyrfti að koma sérstök ósk þar um svo og fjármagn frá stjórnvöldum.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri